

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, Ás 3 og Áskot.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í landi Áss 3 bætast við tvö ný íbúðarsvæði, annars vegar ein lóð um 4 ha sunnan við Ásveg og hins vegar allt að 10 lóðir norðan Ásvegar, samtals um 16 ha. Vegtenging að svæðunum verður af Þjóðvegi 275, Ásvegi og um vegi sem til staðar eru. Landbúnaðarsvæði breytist í íbúðarsvæði og einnig breytast um 3 ha af óbyggðu svæði í íbúðarsvæði.
2. Frístundabyggðarsvæði (F2) í landi Áss 3 stækkar úr 2 ha í um 10 ha og verða allt að 6 lóðir á svæðinu. Vegtenging að svæðinu verður um Ásveg.
3. Í landi Áskots breytist um 10 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð með 9 lóðum. Aðkomuvegur liggur að Ásvegi.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Ásahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007